

Lög

um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda).

I. KAFLI

Breyting á lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, nr. 81/2019.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Viðurkenndir úrskurðaraðilar og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa skulu vísa frá málum sem:
 - heyra ekki undir lögsögu þeirra,
 - heyra undir, eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá öðrum viðurkenndum eða lögbundnum úrskurðaraðila sem ráðherra hefur skráð og tilkynnt eða erlend- um úrskurðaraðila sem er á skrá yfir tilkynnta úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla á Evrópska efnahagssvæðinu, eða
 - eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá dómstólum.
- C-liður 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 16. gr.“ í c-lið 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: 1. eða 2. mgr. 14. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. a laganna:

- Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki“ í 1. mgr. kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

- b. 2. mgr. fellur brott.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Úrskurðaraðilar*.

III. KAFLI

Breyting á lögum um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- b. 2. mgr. fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- b. 2. mgr. fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um neytendalán, nr. 33/2013.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- b. 2. og 3. mgr. falla brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „úrskurðarnefndar skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.
- b. 2.–4. mgr. falla brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

9. gr.

Í stað orðanna „47. gr. sömu laga“ í 3. tölul. 1. mgr. og 3. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: lög um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

10. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefnd til úrlausnar skv. 141. gr.“ í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

11. gr.

Í stað orðanna „úrskurðarnefnd skv. 141. gr.“ í lokamálslið 1. mgr. 31. gr., 1. másl. 2. mgr. 51. gr., 4. mgr. 76. gr., lokamálslið 1. mgr. 94. gr. og 1. másl. 2. mgr. 124. gr. laganna kemur: úrskurðaraðila samkvæmt lögum um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

12. gr.

141. og 141. gr. a laganna falla brott.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum fellur brott.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019.

14. gr.

XII. kafli laganna, **Ágreiningur**, fellur brott ásamt fyrirsögn.

15. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögnum fellur brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015.

16. gr.

4. mgr. 19. gr. og 20. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2021.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2021.

